# LÖG UM JAFNA STÖÐU OG JAFNAN RÉTT KYNJANNA NR. 150/2020 LÖG UM STJÓRNSÝSLU JAFNRÉTTISMÁLA NR. 151/2020

Mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð 25. mars 2021
Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir

# JAFNRÉTTISLÖGIN FRÁ 2008 - JAFNRÉTTISÁÆTLANIR

Úr 12 gr. laganna nr. 10/2008

Hver jafnréttisnefnd skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasamþættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins.

Ekki í gildi lengur

# ÁÆTLANIR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR MISMUNUN MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

Sveitarstjórnir skulu að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að innan hvers sveitarfélags verði gerð áætlun fyrir nýtt kjörtímabil um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun, sjá13. grein laga um stjórnsýslu jafnréttismála nr. 151/2020.

Áætlanir sveitarfélaga í jafnréttismálum skulu taka mið af þremur lagasetningum:

- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020
- Lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2020
- Lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu nr. 86/2018

# ÁÆTLANIR SVEITARFÉLAGA UM JAFNRÉTTISMÁL

Sjá13. gr. í lögum um stjórnsýslu jafnréttismála

Hvað á að vera í þeim

Þar komi m.a. fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum.

Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum, m.a. hvernig starfsfólki skuli tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 6.–14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Hvenær

Hún skal lögð fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar, framvinda hennar rædd árlega í sveitarstjórn eftir það og hún endurskoðuð eftir þörfum.

Reykjavíkurborg hefur lagt fram aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum sem tekur mið af mannréttindastefnu borgarinnar og hefur því náð til þessara þátta sem tilgreindir eru í nýju lögunum.

# LEIÐBEININGAR JAFNRÉTTISSTOFU FYRIR SVEITARFÉLÖG - DÆMI

**6. gr. Almenn ákvæði um launajafnrétti (150/2020).**

**9. gr. Bann við mismunun í tengslum við laun og önnur kjör (86/2018).**

*Hvað á að gera og hvernig, hver ber ábyrgðina og hvenær á aðgerðinni að vera lokið?*

| **Markmið** | **Aðgerð** | **Ábyrgð** | **Tímarammi** |
|---|---|---|---|
| Að konur og karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá, fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. | Launagreining þar sem kannað er hvort konur og karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá, fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. | Stjórnendur, launafulltrúi. | Lokið í mars ár hvert. |

Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög:
https://www.jafnretti.is/static/files/Leidbeiningar/jafnrettisaaetlanir-leidbeiningar-sveitarafelog-2021.pdf




| Markmið | | Aðgerðir | Stoðir | Ábyrgð | Málaflokkur | Tímasetning |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vinna að jafnrétti á starfsstöðum borgarinnar** | 28 | Fylgja því eftir að úttekt sé gerð á kynbundnum launamun og að brugðist verði við niðurstöðum | 19. og 25. gr. jafnréttislaga, 2.2.3. gr. í mannréttindastefnu borgarinnar og 11. gr. í Evrópusáttmála í jafnréttismálum | Mannréttinda- og lýðræðisráð | Jafnrétti kynja | Viðvarandi |
| **Trygga launjafnrétti starfsfólks af erlendum uppruna** | 108 | Gera úttekt á því hvort launamunur sé hjá Reykjavíkurborg á milli Íslendinga og fólks af erlendum uppruna | 9. gr. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar | MAD | Uppruni og þjóðerni | Viðvarandi |

# EKKI ÞARF LENGUR AÐ SKIPA SÉRSTAKA JAFNRÉTTISNEFND….EN ÞAÐ ÞURFTI HELDUR EKKI ÁÐUR

Sveitarstjórn skal fela byggðarráði/borgarráði eða annarri fastanefnd að fara með jafnréttismál sbr. 13 grein laga um stjórnsýslu jafnréttismála.

Það er í sveitarstjórnarlögum heimild til að fela byggðarráði starf annarra nefnda og einnig er heimild til að sameina nefndir.

35. gr. laga nr. 138/2011 (sveitarstjórnarlög)

Heimilt er að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að byggðarráð taki að meira eða minna leyti við starfi annarra fastanefnda sveitarstjórnar

37. gr. laga nr. 138/2011 (sveitarstjórnarlög)

Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þó að svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni.

# ÞAÐ SEM ER NÝTT Í LÖGUNUM Í TENGT ÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM ER:

Tekur til fleiri laga.

Setja á fram markmið og aðgerðir.

✓ Reykjavíkurborg hefur gert það.

Framvinda hennar rædd árlega í sveitarstjórn. Það hefur ekki verið gert hjá borginni, góð viðbót.

Endurskoðuð eftir þörfum.

✓ Reykjavíkurborg hefur endurskoðað aðgerðaráætlun í mannréttindamálum og á seinni árum í mannréttinda- og lýðræðismálum árlega um leið og fjárhagsáætlun er lögð fram.